

Aðalstjórnarfundur UMFT

6. mars 2007

Mætt á fundinn: Elínborg, Gunnar og Jakob sem ritaði fundargerð.

1. mál: Fréttir af UMSS þingi. Guðmundur Þór tók við sem formaður. Arnar Halldórs er varaformaður, Páll Friðriks gjaldkeri og Sveinn í Brekkukoti. Sjá nánar [fundargerð](#) á vef UMSS. UMSS stefnir að því að ráða starfsmann í 50% starf og UMFÍ í 50% starf. Þessi starfsmaður ætti að geta unnið fyrir Tindastól um 5 tíma á mánuði. Starfssvið á eftir að útfæra nánar.

2. mál: Gunnar hefur sent formanni deilda beiðni um að skila inn upplýsingum (sbr. beiðni frá UMSS) um rekstur og starfsemi á árinu 2006 m.a. fjöldatölur. Elínborg tók að sér að ýta á formenn um að skila inn upplýsingum um fjármál. Gunnar ætlar að ýta á upplýsingar um fjölda og starfsemi.

3. mál: Umræða um átak til að fjölga þátttakendum með stuðningi sveitarfélagsins og fyrirtækja. Fjármagn sem áður fór í íþróttaskólann komi inn í starfið með öðrum hætti t.d. formi niðurgreiðslna á þátttökugjöldum. Einnig gætu fyrirtæki komið að þessu með sambærilegum hætti. Áfram verður unnið að þessu máli en óvíst hvenær því getur lokið.

4. mál: Lokauppgjör frá íþróttaskólanum verður sent til sveitarfélagsins (Gunnar Sandholt). Elínborg sér um málið.

5. mál: Ætlum að sækja um styrki til að taka upp viðtöl við aldna félagu um starfið í félaginu á liðnum árum. Gunnar sér um málið.

6. mál: Vefur. Jakob gengur í að koma honum í gang með öllum ráðum.

7. mál: Aðalfundur þarf að vera í mars. Stjórn fundar innan skamms. Gunnar boðar.

Samþykkt

(sign.)

Elínborg, Gunnar og Jakob